

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi eru breytingar á viðauka 4 við reglugerðina:

| Efni | Hámarks magn og/eða takmarkanir | Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils | Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu. |
|------------------|---|---|--|
| Bisacodylum | Innhellislyf 2 mg/ml; mest 10 túpur á 5 ml handa einstaklingi. | DULCOLAX innhellislyf. TOILAX, innhellislyf. | Losun hægða fyrir röntgenskoðun eða ristilspæglun. Verkar venjulega á 5–15 mínútum. <i>Notkun:</i> Fullorðnir og börn 3 ára og eldri: Innihaldi einnar túpu er þrýst í endaparm. |
| Diphenhydraminum | Lyf í afmældum skömmtum; einstakmtur mest 50 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi. | KOFFÍNÁTÍN, töflur. Tablettae diphenhydramini 50 mg NORD 63. | Til varnar sjóveiki, bilveiki og flugveiki. <i>Skammtar:</i> Fullorðnir: 1 tafla ½–1 klst. fyrir brottför, síðan 1 tafla á 4–6 klst. fresti, ef þörf krefur. <i>Börn 8–12 ára:</i> ½–1 tafla ½–1 klst. fyrir brottför, síðan ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, ef þörf krefur. <i>Börn 4–8 ára:</i> ½ tafla ½–1 klst. fyrir brottför, síðan ½ tafla á 6–8 klst. fresti, ef þörf krefur. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 4 ára. <i>Varúð:</i> Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið og það því merkt rauðum aðvörunarþríhyrningi. Lyfið má hvorki nota samtímis áfengi og/eða róandi lyfjum, né að staðaldri. |
| Ibuprofenum | Lyf í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 200 mg. Mest 20 stk. handa einstaklingi. | ÍBÚFEN, töflur NUROFEN, töflur. | Lyfið er verkjastillandi, bólgueydandi og lækkar sótthita. Einkum ætlað til notkunar við höfuðverk, tannverk, tíðaverk og gigtarverk. Venjulegur skammtur handa fullorðnum er 1–2 töflur í senn, mest þrisvar sinnum á dag. Gefið ekki börnum yngri en 12 ára. <i>Varúð:</i> Má ekki nota lengur en í 3 daga í senn við hita og 1 viku við verkjum án samráðs við lækni. – Notist ekki samtímis öðrum verkjalyfjum. Barnshafandi konur og sjúklingar með maga- og/eða skeifugarnarsár eiga ekki að taka lyfið. Astmi getur versnað við notkun lyfsins. |
| Loperamidum | Mixtúrur, mest 0,2 mg/ml. Mest 100 ml handa einstaklingi. | IMODIUM, mixtúra. | Við bráðum niðurgangi; skammtínameðferð. <i>Skammtar:</i> Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 20 ml í upphafi meðferðar. Ekki má taka meira af lyfinu fyrr en að 2–3 klst. liðnum og þá 10 ml í senn eftir þörfum, en aldrei meira en 60 ml á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára án samráðs við lækni. Leitið lækni, ef niðurgangur hefur ekki batnað eftir tveggja daga meðferð. <i>Varúð:</i> Við háan hita eða ef blóð er í hægðum, má ekki nota lyfið. Leitið til lækni. |

| Efni | Hámarks magn og/eða takmarkanir | Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils | Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu. |
|------|---|--|---|
| | Lyfjaform í af-ældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 2 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi. | IMODIUM, hylki. | Við bráðum niðurgangi; skammtímameðferð. Skammtar: Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 2 hylki í upphafi meðferðar. Ekki má taka meira af lyfinu fyrr en að 2–3 klst. liðnum og þá 1 hylki í senn eftir þörfum, en aldrei meira en 6 hylki á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára án samráðs við lækni. Leitið lækni, ef niðurgangur hefur ekki batnað eftir tveggja daga meðferð. <i>Varúð:</i> Við háan hita eða ef blóð er í hægðum, má ekki nota lyfið: Leitið til lækni. |

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. apríl 1990.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.*Ingolf J. Petersen.*

Nr. 169

3. apríl 1990

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð Helgu Sigurðardóttur, skólastjóra
Húsmæðrakennaraskóla Íslands.**

Helga Sigurðardóttir, f. 17. ágúst 1904, d. 26. ágúst 1962, hafði forgöngu um stofnun Húsmæðrakennaraskóla Íslands og var skólastjóri hans frá því hann tók til starfa haustið 1942 og til 1. september 1961, að hún sagði starfinu lausu vegna heilsubrests. Stjórn Nemendasambands Húsmæðrakennaraskóla Íslands gekkst fyrir stofnun þessa minningarsjóðs með sölu minningarspjalda við andlát Helgu Sigurðardóttur skólastjóra í þakklætis- og virðingarskyni fyrir brautryðjandastarf hennar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Helgu Sigurðardóttur, skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn nam hinn 25. janúar 1990 kr. 100 000,00 (eitt hundrað þúsund krónum).

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til framhaldsnáms eða sérstakra verkefna:

1. kennara, sem lokið hafa námi frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eða sambærilegum skólum.